

LOKAÐ MEÐ BÓKUN

Málnr.: **18-084F012**

Dags: **30. maí 2018**

Staður: **Keflavíkurflugvöllur**

Lýsing: **Nefhjólsfesting brotnaði í landingu**

Flugmaður ásamt flugnema voru í snertilendingum á Keflavíkurflugvelli á TF-KFF (Diamond DA20). Eftir þrjár snertilendingar var ákveðið að næsta landing yrði lokalending. Í landingunni urðu flugmennirnir varir við hristing í nefhjólsbúnaði og tók kennarinn við stjórnvelum flugvélarinnar. Skömmu síðar brotnaði gaffall nefhjólsbúnaðar og nefhjólíð losnaði frá hjólabúnaðinum.




Við rannsókn kom í ljós að árið 2010 höfðu verið gefnar út þjónustuleiðbeiningar af framleiðanda flugvélarinnar þar sem úrbætur höfðu verið gerðar á þessari gerð af nefhjólsgaffli. Ástæðan var að þekkt var að sprungur höfðu myndast í nefhjólsgaffli flugvéla sömu tegundar. Þá höfðu einnig verið gefnar út leiðbeiningar til viðhaldsaðila og þeir hvattir til að fylgjast með sprungumyndun göfflum þessara flugvéla (sjá mynd til hliðar). Samkvæmt




viðhaldsupplýsingum TF-KFF hafði þetta verðið skoðað þann 18. maí 2018 eða 12 dögum fyrir atvikið þar sem ekki fundust merki um sprungur.

Við ransókn á sprungusárinu mátti sjá greinileg merki um þreytusprungur á báðum örmum gaffalsins en þó greinilegri vinstramegin. Mynstur sprunganna voru svipuð báðum megin.

Brotsár vinstri hluta gaffalsins



Brotsár hægri hluta gaffalsins



Niðurstöður rannsóknar á gafflinum sýndu að við landingu varð álag það mikið á gaffalinn að sprunga myndaðist í neðri hluta hans (bæði hægri og vinstri hluta). Við seinni landingar uxu sprungurnar enn frekar með ofangreindum afleiðingum. Engin merki sáust um tæringu.

Í kjölfar arviksins hefur flugrekandinn skipt út öllum nefjólsgöflum á flugvélum sínum.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa lokaði málinu með bókun þann 18. október 2018.